

Alþingi
bt. nefndasviðs
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Mosfellsbæ, 18.04.2017
Erindi 201703192/50.13 uvi

Efni: Umsögn Mosfellsbæjar 119. mál frumvarp til laga um orlof húsmæðra (afnám laganna)

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur tekið til umfjöllunar erindi allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis sbr. 119. mál, frumvarp til laga um orlof húsmæðra (afnám laganna), sem sent hafði verið til umsagnar bæjaryfirvalda.

Bæjarráð hefur í tvígang veitt umsögn um hliðstætt frumvarp sem lagt var fram á 144.lp. og 128.lp. og eftirfarandi er umsögn bæjarfélagsins sem er hliðstætt hinum fyrri:

Orlof húsmæðra á sér langa sögu eins og segir í greinargerð með frumvarpinu, en fyrstu lög um það eru frá árinu 1960. Þegar lög um orlofssjóð húsmæðra voru sett var án efa mikil þörf á því að veita þeim fjölda húsmæðra sem önnuðust börn og bú tækifæri á því að njóta orlofs. Atvinnuþátttaka kvenna var þá mun minni en gerist í dag og barnafjöldi á heimilum meiri. Almennt áttu konur minni möguleika á að njóta hvíldar og tilbreytingar, ef þær bjuggu ekki við þeim mun betri félags- og efnahagslegar aðstæður. Félagsþjónusta í sveitarfélögum og málsmeðferð stjórnarsýslunnar var vanþróuð á þessum árum.

Með lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, stjórnarsýslulögum nr. 37/1993 og uppbyggingu á félagsþjónustu sveitarfélaga hafa orðið umtalsverðar breytingar þar á. Aðstæður einstaklinga og fjölskyldna sem leita félagslegrar aðstoðar sveitarfélaga í dag er í flestum tilfellum metin af félagsráðgjöfum sem eru til þess sérstaklega menntaðir. Þrátt fyrir umtalsverðar breytingar á aðstæðum fólks fyrirfinnst enn hópur einstaklinga sem býr við takmarkaða möguleika á að njóta orlofs, má þar nefna öryrkja með börn á framfæri sem njóta ekki orlofsréttinda.

Hávær umræða hefur verið um óréttláta tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Flestir sem til reksturs sveitarfélaga þekkja telja að miðað við skyldur og verkefni sé þeim of naumt skammtað fé. Í ljósi þessa skýtur skökku við að sveitarfélög á Íslandi séu skylduð til að greiða nefskatt til verkefnis sem augljóslega er barn síns tíma og á ekki lengur við. Svo ekki sé talað um að draga má í efa að ráðstöfun fjárins sé í samræmi við ákvæði laga og að sveitarfélögin hafi ekkert með ráðstöfun þess að gera þrátt fyrir að þeim sé ætlað að veita íbúum sem búa við bágar félagslegar aðstæður þjónustu lögum samkvæmt.

Virðingarfyllst,

Unnur V. Ingólfssdóttir
framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs

